

DORGTORGIÐ

NORÐURGARÐUR

NR.30159





Nýtt dvalarsvæði við sjóinn er veitir upplifun og gefur sterkan staðaranda. Torgið dregur gesti upp eftir göngustígnum við Norðurbakkann með lágstæmdri lýsingu út eftir garðinum sem nær hámarki yst á tanganum í kennileiti innsiglingarljóssins.

Garðurinn hefur steipt yfirborð í anda smágerðrar bryggju með stólpum sem hægt er að tylla sér á við stangveiðar en fyrir miðju hans er setuaðstaða þar sem hægt er að koma sér vel fyrir og njóta útsýnis inn eftir firðinum.

Út við enda garðsins liggur hálf hjartalaga kuðungsform á stólpum með óbeinni lýsingu út á sjóinn þar sem nægt rými gefst til þess að dorga í höfninni. Dorgtorgið heldur áfram út á grjótkantinn utanvert við garðinn í átt til vesturs og veitir möguleikann á að ganga hring um svæðið hvort sem til veiðar eða til að njóta útsýnis til hafs, í átt að sólsetrinu.

Bryggjustígur gengur út frá núverandi göngustíg við Norðurbakkann og tengist inn á garðinn austan megin og tryggir hann auðvelt aðgengi fyrir alla um svæðið. Út frá bryggjustígnum stallað timbursetpallar og þaðan er hægt að ganga niður í meiri nálægð við sjóinn, í skjól fyrir norðanáttinni, út á cortenstálaristar sem veita betri ásýnd á lífið undir vatnsyfirborðinu.

Þar sem gengið er í gegnum grjótkantinn sem liggur meðfram Norðurbakkanum er yfirborðsefnið líkt og sneitt hafi verið í gegnum garðinn eða grjótið flatt út. Lífræn útlína grjótsins mætir síðan timbri bryggjustígsins og steypu vestanmegin út á tangann. Saltþolin strágróður umlykur dvalarsvæðið þar sem horft er yfir torgið í jaðri íbúabyggðarinnar sem tengist við stígakerfi bæjarins.




SKÝRINGARMYNDIR

EFNISVAL



NR.30159

Hauga veiði
Kennileiti ljóssins
Útsýnis til hafs
Horft inn fjörðinn
Cortenstálar
Bryggjustígur
Upplýsingaskilti
Strá



DORGTORGID
NORÐURGARÐUR

